



Lífgeislur

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur 23. tbl. Sept. 1979



Draumar vorir eiga upptök sín í vökulífi annars manns sem ég kalla draumgjafa. Ástand eins heila framleiðist í öðrum.

Helgi Pjeturss

Stórsprenging í vetrarbraut. – Ragnarök

(Sjá forsíðumynd)

Svo virðist sem stórkostlegir atburðir gerist (eða hafi gerst) á sumum stöðum alheims, samkvæmt því, sem rannsóknir stjörnufræðinga hafa sýnt. Jafnvel virðist um það að ræða, í sumum fjarlægum vetrarbrautum, að þar hafi orðið sprengingar svo ofsalegar, að lögun viðkomandi vetrarbrauta hafi stórlega raskast, og að þéttir efnistaumar af ryki og gasi, breiðist út frá vetrarbrautinni í allar áttir, með miklum hraða. Ekki telja stjörnufræðingar sig vita, með neinni vissu, hvað raunverulega hafi gerst, en ágiskanir eru margar.

Líklegt þykir, að þar sem slíkar stórsprengingar hafa átt sér stað, þar hafi mjög mikill fjöldi sólna í miðbiki vetrarbrautar sprungið samtímis, einkonar súpernovusprengingar heilla stjarnhviringa hafi gerst þar samtímis, með þeim afleiðingum, að heildarlögun viðkomandi vetrarbrautar hafi aflagast mjög svo að úr hafi orðið allherjar óskapnaður, eins og fram kemur á ljósmyndum, teknum með stórum stjörnusjám.

Sérkennileg er t. d. mynd af vetrarbrautinni M-82, sem er í um 13 milljón ljósára fjarlægð. Hún gefur frá sér mjög sterkar útvarpsbylgjur, en það er eitt af einkennum sprengistjarna innan okkar vetrarbrautar (t. d. Krabbaþokunnar í Nautsmerki, sem álitin er vera leifar súpernovusprengingar sem sást á himni árið 1054).

Víst er talið, að þar sem sólstjarna springur (súpernova), þar verði heimsslit þess sólhverfis, sem í hlut á, þ. e. allt líf á jarðstjörnum þeirrar sólar þurrkist út, brenni upp í ógnareldi springandi sólarinnar. Hversu ennþá miklu feiknlegri atburðir munu þá ekki gerast í vetrarbrautarsprengingu, ef þúsundir eða milljónir sólna í kjarna hennar gjörspringur samtímis? Erfitt er fyrir huga manns, að gera sér grein fyrir slíkum allsherjar ragnarökum lífs og efnis, sem þar munu eiga sér stað.

Mætti ekki líklegt telja, að stefna lífsins á slíku geimsvæði hafi verið svo úrskaiðis farin, að ekki hafi orðið við neitt ráðið?

Þar sem áhrif hins æðra lífs fá ekki notið sín sem skyldi í lífheiminum hnatta, þar eru hættusvæði hin mestu. Þar getur svo farið, að náttúruöflin fari úr eðlilegum skordum og að þau tryllist.

Hvernig er ástand lífsins á okkar hnetti, að þessu leyti? Hvert stefnir? Hverra úrræða er helst að leita?

Ingvar Agnarsson.

Forsíðumyndin sýnir vetrarbrautina M-82, og er fengin úr bókinni *Astrosomy* eftir Robert Jastrow og Malcolm H. Thompson.

Erindi og greinar

FRÁ JÖRÐ TIL JARÐAR

Það er af okkar sambandstíðindum að segja, að nú segir *talið*, að enn sé hreyfing að komast á meðal skyldra mannkynja, frumlífsmannkynja illa staddra, í yzta hring framþróunarinnar, ef svo mætti til orða taka. Á sambandsfundi talaði líffræðingur í framlífi, og sagðist hann á þeirri stundu sem hann talaði, skynja til jarðstjörnu á helstefnuleið, sem hann sagði vera frumlífshnött, en þó væri þar upp kominn hreyfing um ekki minna málefni en að breyta stefnunni. Hreyfingu þessa sagði hann vera skylda í eðli þeirri sem hér er, margar aðalhugsanir þeirra hinar sömu og hjá okkur hér og eru þeir farnir að efna til sambandstilrauna, og verða varir við orkustreymi í því sambandi. Hreyfing þessi er upp komin með einni sérstakri þjóð, sem líffræðingurinn sagði vera líka þeirri fámennu eyþjóð sem hér er — miklum mun stærri þjóð en okkar er, en þó ekki stórþjóð á þeim hnetti. Einkanlega er það í einni borg, sem þetta starf fer fram, og var svo að skilja sem hreyfingin væri heldur nýttilkomin, og ekki væri undirstaða hennar alveg sú sama og hér. En þó kæmi hún mjög í sama stað niður, þar sem stefnt væri að hinu sama marki: fullkomnun sambanda við líf á öðrum stjörnum. Helzt var að skilja, að það sem á vantaði að einhverju leyti þarna væri *hin skarpa greining milli hugsunar og skynjunar í sambandi við drauma*, sem hér hefur verið gerð og er gerð, og bendir þetta til ábyrgðar nokkurrar, sem við hér á jörð höfum gagnvart alheimi. Svo einstök og svo frábær er þessi greining brautryðjanda okkar, svo mikið andans afrek í heimkynnum þoku og fáfræði, að vafasamt er, að hún hafi nema óvída verið gerð í þessum yzta hring, sem við erum í: við og þið, og væri nú fróðlegt að vita hvort þetta er einnig þáttur í þínum uppgötvunum. Sé svo munum við sameiginlega beina honum til nýrra viðtakenda á frumlífisjörðum og treysta þannig grundvöll hinnar nýju framsóknar. Það er þér að segja frá okkar jörð, að hér eru menn sem það í valdatafli víðheimsafla, flestir án þess að hafa hugmynd um nokkuð slíkt, og allflestir án þess að gera sér nokkra

skynsamlega grein fyrir því hvað um er að ræða. Í eðlisfræði og ýmsum vísindum hafa þeir komizt firna langt, og það reyndar svo, að allt er við voða sjálfan af þeim sökum (kjarnorka), en þekking þeirra á sjálfum sér og samböndum lífsins hefur ekki vaxið að sama skapi, og er í raun í lágmarki. Gott dæmi er þjóð ein, sem einna valdamest er nú á þessari jörð, og var flökkubjóð um árabúsundir, en hefur nú á síðustu áratugum í vaxandi mæli tekið sér bólfestu í fornum heimkynnum. Stendur þetta í sambandi við ógnir miklar, sem yfir hafa gengið, og enn er ekki séð fyrir endann á. Flökkubjóð þessi hafði fyrir löngu meðtekið þann boðskap frá yfirbjóðanda sínum á annarri stjörnu, að hún ætti að ná yfirráðum yfir allri jörðinni, og liðu svo nokkur hundruð ár að þeir trúðu þessum boðskap og væntu þess að leiðtogi myndi koma fram, sem stjórna myndi valdatökunni. Maður kom fram meðal þeirra, ágætur mjög, og tóku að safnast að honum fylgjendur. Talaði hann margt af sambandsviti sem gildi hefur haft allt fram á þennan dag. En nú fór svo, að mikill hluti þjóðar þessarar vildi ekki kannast við þennan mann, þótti hann ekki líklegur til að afla þeim þeirra mannkynsyfirráða sem þeir þráðu. Þeir höfnuðu honum og beittu sér fyrir lífláti hans. Af þessu urðu mikil tíðindi. Tóku fjölmargar þjóðir trú á hinn látna ágætismann, en þó var það misjafnt hvernig þeir túlkuðu kenningu hans, og má þó segja að alltaf hafi einhver neisti lifað í þeim glæðum fram til þessa. Á hinn bóginn var svo meginhluti þeirrar þjóðar sem nefnir sig hina útvöldu, og dreifðust þeir víða skömmu eftir þessa atburði, og hafa verið meðal annarra þjóða æ síðan þar til á síðustu tímum tímum að þeir fóru að sækja að nýju til fornra heimkynna. Löngum hafa þeir orðið að þola ofsóknir miklar, einkum vegna andúðar sinnar á hinum líflátna ágætismanni, og er þessi klofningur milli fylgjenda og fyrirlítenda hins líflátna einn af rauðu þráðunum í mannkynssögu þessa hnattar. Svo er að sjá sem fátt veki upp meira ofstæki en þegar farið er að deila um hvort vera skuli „með“ eða „móti“ þeim manni.

Það var um það leyti sem drögin að hinni miklu uppgötvun stjörnusambandsins voru að skapast í huga hins mikla brautryðjanda okkar hér — sem vanmetinn var af flestum samlöndum sínum og bjó við þröngan kost — að aðstreymi krafts til jarðarinnar jókst og átti að reyna að koma vitinu fyrir mannkynið. En vegna þess að viðtökuskilyrðin skorti, lagðist kraftur þessi í ranga farvegi og afleiðingin varð heimstyrjöld — stórstyrjöldin fyrri. Eyddi hún

mjög atgervi þeirra þjóða, sem þá stóðu hæst, og voru skyldastar hinní smáu eyþjóð sem hér er, en jafnframt þessu fór uppgangur „hinna útvöldu“ vaxandi. Græddist þeim fé og jukust völd þeirra, en jafnframt jókst andúð á þeim og þó mest í einu landi, sem mjög hafði orðið að þola niðurlægingu ósigursins, og kenndu þeir hinum útvöldu um þau málalok. Magnaðist þar upp hreyfing sem sótti afl sitt til hinna ýmsu þátta andúðarinnar á hinum útvöldu, og þegar leið að hinní síðari stórstyrjöld var andstillingin á helstefnuleið orðin ótrúlega illkynjuð. Eins og vænta mátti urðu afleiðingarnar hinar geigvænlegustu, þegar styrjöld hófst og sambönd við helheima jukust. Að því sem í þeim hildarleik gerðist hefur síðan búíð á þessari jörð, og er nú mjög fróðlegt að veita því athygli hverjar afleiðingarnar hafa orðið. Eins og þú munt fyrir löngu hafa vitað til okkar, þá greinist mannkynið hér í ýmsa kynstofna, sem hafa haft í sér sérstaka þroskamöguleika, ef vel hefði farið, og gætu enn haft. Tvo stofna ber sérstaklega að nefna: þennan ljóslitaða og bláeygða, sem hefur í sér brautryðjendaeðlið, og svo ýmis afbrigði honum nærstæð en á hinn bóginn er svo stofn „hinna útvöldu“, sem í rauninni er þó enginn einstakur stofn, heldur samsafn eðlisþátta frá hinum ólíkustu þjóðum. Eru þeir þó, vegna þessara lífmagnsróta sem við þekkjum en þeir ekki, aldrei í vafa um sitt séreðli. Þetta hafa menn skynjað en ekki skilið, bæði andstæðingar þeirra, fylgjendur þeirra og þeir sjálfir, að þarna er eitthvert *eðli* sem greinir þá frá öðrum. Þeir eru magnaðir frá stórhöfðingja þeim á öðrum hnetti, sem forðum gaf þeim fyrirheit um yfirráð yfir allri jörðinni. Áætlun stórhöfðingjans nær yfir þúsundir ára, og hann vill útrýma þeim af allri jörðunni, sem hann heldur að standi í vegi fyrir fyrirætlunum sínum. Og það er vegna valdaítaka hans á jörðunni, sem þjónar hans sumir hafa ofsótt þá, sem nýjan skilning sköpuðu og „hugðu að stjörnum“. Hann óttast uppgang hinna ljóslituðu þjóða norðvestur-skagans, óttast, að þeir muni ná betri samböndum en þeim, sem hann getur boðið, og telur að þar með yrði úti um valdadraum sinn. Og sennilega er það rétt ályktun hjá honum. Á þeirri öld, sem nú er farið að líða á, hefur hann róið að því öllum árum að svifta þær sjálfsvirðingu, etja þeim saman í styrjöldum, blanda þeim saman við hinar lituðu þjóðir. Hefur honum orðið svo mjög ágengt við þetta, að flestir hvítir menn óttast það nú mest af öllu að taka málstað síns ættstofns. Þetta eru sannindin, sem mig hefur lengi langað að koma áleiðis til þín, þú hinn þrautgóði

vísindamaður og mannvinnur á annarri stjörnu, svo að þú getir gjörla vitað, hvað hér er við að eiga.

Hvað við viljum og hvað við getum hér þarf ég ekki að segja þér, því þú hugsar þetta líkt og í flestu eru hliðstæður. Og þó skulum við segja það, kalla það á milli, svo að það eflist. Við viljum skapa frið og hamingju öllum til handa, og þetta er hægt og því aðeins hægt, að ættstofn okkar fái uppreisn og verði ekki ormétinn lengur. Hvort sem þeim líkar betur eða verr, þá eru örög frumlífsmannkynja undir því komin að hún fái framgang þessi hugsun, sambandshugsunin mikla, sem þú ert að boða, og við hér höfum þegið í arf frá brautryðjandanum. Og við hinir staðföstu og ættræknu erum allrahæfastir til að veita þeirri hugsun viðtöku og gera hana að veruleika. Á milljörðum frumlífsjarða er sóknin hafin, sókn hinna gotnesku lífafölsvæða, sem stefna fram til alfremdar lífsins.

Jarðarbyggi.

M Y R —

Kjarnyrði úr Grettissögu

Eigi þykkjumst ek uppgefinn, þó at ek sjá smáváfur. (Þorgautr, sauðamaður).

Illt mun af illum hljóta. (Jökull Bárðarson).

Sitt er hvárt, gæfa eða gervileikr. (Jökull Bárðarson).

Þá er öðrum vá fyrir durum, er öðrum er inn um komit. (Grettir).

Vís er dauðinn, ef þú bíður Gláms. (Þórhallur á Þórhallsstöðum).

Um Glám: „Hann er ólíkr nökkurri mannligri mynd“. (Þórhallur).

Verðr hverr þá at fara, er hann er feigr. (Grímur frá Kroppi, sekur maður).

Trú þú engum svá vel, at þú trúir eigi best sjálfum þér.

(Guðmundur ríki á Möðruvöllum, við Gretti).

Ek hefi orðið lítil heillaþúfa um at þreifa flestum mönnum.

(Grettir).

SKYNNMINNINGAR ÚR BERNSKU

I.

Það kynni að geta orðið til aukins skilnings á eðli óraunveruleikalegra drauma að bera þar saman við ýmsar óraunveruleikalegar skynminningar úr bernsku, og skiptir þá vitanlega aðalmáli að sjá fram á, að þrátt fyrir allt hafi þær skynminningar haft við raunveruleik að styðjast. Þannig þykist ég nú sjá fram á, hvernig það muni hafa verið tilkomið, þegar ég, eins og ég hefi vikið að annarsstaðar, sá eða þykist haft séð kvarnarstein vera að snúast, þar sem slíkt getur ekki hafa verið að gerast. Þykir mér sem ég hafi séð þetta á melkollu litlum nokkurn spöl þaðan vestur, sem ég var staddur, en þar var raunverulega lítil, þverhnipt brún flatrar klappar eða steins, sem mun hafa minnt mig á kvarnasteininn heima hjá mér, og hefir hann skiljanlega fest sig bezt í minni mínu, þegar ég sá verið að mala með honum. Staðfestist þessi ætlun mín af því, að lengi eftir þetta minnti þessi steinbrún mig ævinlega á þetta sama, þegar hana bar fyrir mig frá sama stað, og hefir hér því átt sér stað það, sem svo þráfaldlega verður í draumi. Minning um það, sem ég áður hafði skynjað, hinn malandi kvarnarstein, hefir hér orðið ríkari í vitund minni en hitt, sem vakti mér hana, og verður slíks oft vart hjá gömlu fólki. Getur þannig verið fróðlegt að bera saman vitund barnsins og gamalmennisins og komast þannig að raun um, að tvisvar verði gamall maður barn.

II.

Ekki man ég eftir því, að í bernsku minni væri neitt reynt að hræða mig með Grýlu eða öðru slíku, og mun ég þó snemma hafa heyrt hennar getið. Þannig þykist ég eitthvert sinn hafa séð hana út um stafnglugga baðstofunnar heima hjá mér, en ekki sem kerlingu, heldur í líki baðstofuhurðarinnar. Þykir mér sem ég hafi þarna séð baðstofuhurðina, sem mér þó þótti vera Grýla, rísandi upp á endann, eins og hana bar ævinlega fyrir mig, og skal ég geta þess, að samskonar Grýlu þóttist faðir minn hafa séð í sinni frumbersku. Þótti mér Grýla þessi í sínu hurðarlíki vappa eða rugga sér austur hlaðið framan við baðstofuna, og er það ámóta ólíkindalegt og hinn malandi kvarnarsteinn á melkollinum.

III.

Ég mun hafa verið í fimmta ári, þegar ég fyrst sá nýlátinn mann. Var þetta gamall maður, sem um skeið hafði dvalið á heimili foreldra minna, og man ég hann vel, meðan hann var hress og á ferli. Var ég, þegar þetta gerðist, staddur úti hjá föður mínum, sem þar mun hafa verið við eitthvert starf. Heyrði ég þá móður mína kalla til hans, að nú væri hann Laugi gamli að deyja, en nafn hans var Guðlaugur Sigurðsson. Og vegna þess, að mér var mikil forvitni á að sjá, hvað eða hvernig væri að deyja, flýtti ég mér inn þangað, sem gamli maðurinn var. En þetta sem ég nú sá, var einmitt ekki eins og mér hafði jafnan komið í hug eða ég sett mér fyrir sjónir, þegar ég hafði heyrt nefndan dauða eða það að deyja. Hefði ég þá jafnan eins og séð það fyrir mér, sem raunverulega blasir við, þegar innfyli eru tekin út úr slátraðri sauðkind, og mundi ég þó víst ekki eftir að hafa nokkru sinni séð slíkt.

IV.

Eins og ég vík að hér í upphafi, þá er ég með þessum upprifjunum mínum að sýna fram á, að óraunveruleikalegir draumar þurfi ekki að vera nein sönnun gegn raunverulegri undirrót þeirra, en slíku hefi ég heyrt að reynt hafi verið að halda fram. Þykir mér sem fyrsttalda dæmið sanni þar á alveg ótvíræðan hátt hina raunverulegu undirrót. Og þó að slíkt liggi ekki alveg eins ljóst fyrir í síðastsögðu dæmunum, hvernig hinar óraunveruleikalegu skynminningar mínar hafi orðið, þá getur naumast verið um að villast, að þar hefir verið um rangþýðingar að ræða, en rangþýðingar verða ekki án þess, að eitthvað hafi verið til að rangþýða. Baðstofuhurðin hefir verið rangþýðing á einhverju, sem ég hefi séð út um gluggann, hvernig svo sem það hefir svo tengst Grýlu. Og vafalaust virðist mér líka vera, að hugsýnin varðandi dauðann eða það að deyja, hafi ekki verið annað en það, sem við blasir, þegar innfyli eru tekin út úr slátraðri sauðkind, og verður því að ætla, að ég hafi einhverntíma séð það. Hafa ef til vill hugtengslin, sem ég festi við það, eins og skyggt á það í minni mínu, sem ég þá raunverulega sá. Og nú vil ég enn til áréttingar og aukinnar glöggvunar á því, sem að framan hefir verið rakið, segja frá enn einu dæmi, og kynni það að veri inngangur að hinu fyrstsagða. Skal þá fyrst geta þess, að staðurinn, sem mér þykir ég hafa séð kvarnarsteininn frá, er melhóll annar, Laugarmelur, sem svo var nefndur og íbúðarhúsið mitt stendur nú á. Vestan við þann melhól rann volg lækjar-

sytra, en neðanundir honum að suðvestanverðu var allstór laugarpyttur, þar sem þvottur var jafnan þveginn. Var ég þarna staddur ásamt móður minni og annarri konu, þegar tvo menn bar þar að með hross, líklega lítið tamið. Þekkti ég menn þessa báða og man að þeir heilsuðu glaðlega. En skynminningin sem til varð hjá mér við burtför þeirra er á þá leið, að þeir hafi æ hrint hrossinu á hlið undan sér, en það getur naumast hafa átt sér stað í raun. Hinsvegar mun ég hafa séð þá hrinda hrossinu á þennan hátt yfir lækjarsytruna vegna þess, að það hafi tregðast þar við, og hefir svo sú hreyfing, sem þá bar fyrir mig, sett í mót sitt allar hreyfingar þess á leiðinni burt.

V.

Að lokum ætla ég hér að segja frá skynminningu, sem einnig má telja til ólíkindasýna, en ég læt ógert að reyna að skýra. Og enn var ég þá staddur á sama stað, en móðir mín eitthvað að starfa að þvotti við lagina. Þóttist ég þá þar sem ég var að einhverju dundi upp á melkollinum þar fyrir ofan, sjá nakinn mann bjartan á að líta í góðveðursskýjum himinsins, og man ég sérstaklega eftir fótahreyfingu hans. Þótti mér hann haga sér eitthvað líkt því, sem ég gerði stundum á morgnana áður en ég fór að klæða mig, en það var að standa á rúmstokknum öðrum fæti og dingla hinum aftur og fram. En þó að ég þættist þarna sjá þessa líkingu, þá er þess að gæta, að sjálfur gat ég aldrei hafa verið áhorfandi þessa atferlis míns. „Ég sé guð“, hrópaði ég til móður minnar um leið og ég þóttist sjá þetta, en líklega án þess að hún heyrði, því að hún anzaði mér ekki. En að ég skyldi hrópa þetta, sem ég glögglega man að ég gerði, bendir til þess, að hér hafi verið um einhvern raunveruleik að ræða, hver og hvernig sem hann hefir verið tilkominn.

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum.

LJÓS, NEISTI OG LÝSING Á DAUÐASTUND

I.

Í grein minni, „Raunverulegir svipir“, leitast ég við að gera grein fyrir sumum megineinkennum þeirra. En nokkru þykir mér nú sem bæta þurfi þar við, og kemur mér þá fyrst í hug frásaga í æviminnigum Tryggva Emilssonar, sem hann nefnir „Ljósíð“. Segir hann þar frá hálf systur sinni, kornabarni, sem lifði aðeins fáa mánuði og hann þá á fjórtánda ári annaðist af stakri nærfærni og hlýju. Þykir mér því sem ekki geti komið til mála annað en hann segi hér rétt og satt frá. Þar sem ástúðin er annarsvegar, komast ósannindin ekki að. En varðandi sjálft ljósíð er frásaga hans á þessa leið:

„Fimmtudagsmorguninn 24. febrúar 1916 var ég snemma á fótum eftir vökunótt. Hún systir mín var fárveik og ekki kom faðir minn með meðulin. Hríðargnaðið á þekjunni á Bakkaseli var dottið í dúnalogn, svo að ég hraðaði mér út til að krafla fönnina af baðstofuglugganum, svo að birtan ætti léttari leið inn að rúminu, þar sem lítið barn barðist við dauðann. Guðný hélt eldinum lifandi í vélinni þessar nætur, svo að ekki væri kuldanum um að kenna, en strax og fönnin hvarf af glugganum hið ytra, náði frostið tókum á rúðunum og dró þar upp sínar köldu rósir. Ég var enn undir áhrifum næturinnar, þegar ég kafaði fönnina í fjárhúsin, mig hafði dreymt svo undarlega drauma. Ég opnaði hurðina og lét mér birta ögn fyrir augum, síðan fór ég upp í garðann og inn í koldimma tóttina, þar sem ég leysti heyið í geilinni, tók síðan fang og bar það fram á garðann. Ég var að beygja mig eftir seinna fanginu, þegar allt í einu varð næstum bjart í geilinni. Ekkert varð mér hverft við þessa birtu, en sleppti þó fanginu og leit í kringum mig, og þá sá ég hvar svolítið ljós flögraði til og frá milli stabbanna svo hvergi bar skugga á. Ekki gat ég greint að nokkur héldi á þessu ljósi, það var eitt af sjálfu sér, enginn lampi eða utanaðkomandi geisli, aðeins ljós sem lifnaði smástund og hvarf. Ég beygði mig niður eftir fanginu og gaf fram á garðann og hljóp svo á stað heim. Í bæjardyrnum mætti ég Guðnýju og sagði hún mér að hún litla systir mín væri dái.“

II.

Veturinn 1929 til '30 fékkst ég eitthvað við barnakennslu í Hálsasveit, og fór hún að nokkru leyti fram á Húsafelli. Var það þá einhvern laugardag skömmu fyrir jól, að ég ásamt Ástríði Þorsteinsdóttur, húsfreyju á Signýjarstöðum komum í heimsókn að Kalmanstungu. Var okkur tekið svo vel sem bezt mátti verða, og þó ekki sízt af húsráðandanum, Ólafi Stefánssyni. Var hann þá hinn ernasti að sjá, en bráðfeigur, því að hann lézt seinna um veturinn, og get ég ekki stillt mig um að geta þess hér, að skömmu áður en ég frétti lát hans, dreymdi mig, að Eiríksjökull væri horfinn af sínum stað. Læt ég liggja milli hluta, hvort hér hafi verið um fyrirboðadraum að ræða, en hitt var raunverulega, að Ólafur nálgast það á ýmsan hátt að vera það meðal borgfirzkra bænda, sem Eiríksjökull er meðal borgfirzkra fjalla. Ólafur var hinn fríðasti og gjörfulegasti maður í sjón. En það sem ég vildi hér í frásögu færa er, hvað fyrir Ástríði bar þarna í Kalmanstungu, eftir að gengið var þar til náða. — Áður um kvöldið hafði þar verið leitað sambanda við framlíðna með því að láta glas hreyfast, og man ég frá þeirri tilraun ekki annað en að samband fékkst þar við nýlátna stúlku, sem verið hafði í Kalmanstungu. En frá Ástríði er það að segja, að eftir að hún var lögst til svefns, þar sem hún var ein í herbergi, fann hún kaldan gust leggja á andlit sér. Sagðist hún þá hafa opnað augun og séð ljósan eða lýsandi þokuhnoðra á svifi fyrir ofan sig. Horfði húná þetta litla stund, unz það dróst saman í lítinn neista, sem sundraðist síðan og hvarf. Þetta sagði hún, að hefði endurtekið sig næstu nótt þarna í Kalmanstungu og svo í þriðja sinn suður á Húsafelli.

III.

Ekki sýnist mér geta verið neinn vafi á, að þessi tvö dæmi beri að telja til raunverulegra svipsýna, þótt enginn svipur yrði þarna til. Er hér sá munur á dæmunum, að annarsveggar stafar fyrirbærið frá deyjandi barni, en hinsveggar frá einhverju áður látnum, að því er ætla verður. — Í grein minni, sem ég nefndi hér í upphafi, tala ég um, að birta sú, sem fylgdi sumum hinna raunverulegu svipa, sem getið er þar um, hafi verið sólskin á framlífsjörðum þeirra, sem birtust, og verður hér ekki horfið frá þeirri tilgátu. Hinsveggar þykir mér, eins og ég vík að hér í upphafi, að nokkurrar viðbótar sé hér þörf, hvað skilning snertir, og verð ég þar að játa vangetu mína. Við dauða litlu stúlkunnar varð til í návist bróður

hennar lítið ljós, sem um stund gerði bjart umhverfis hann, og einnig þokuhnoðrinn varð síðast að neista. Er með þetta í huga unnt að komast hjá þeirri ætlun, að ljós og líf séu með einhverjum hætti skyld eða samskonar fyrirbæri? Guðir eru lýsandi, segja vitranamenn og sjáendur, og þegar nýr einstaklingur verður til, gerist líkt og þegar ljós kviknar. Og hvað er nú líklegra en það, að í hvert sinn sem líkømun á sér stað eða eitthvað í þá átt, en að upprifjun verði allt til hinnar fyrstu kviknunar? Framkoma ljóss eða neista væri ekki ólíklegt, að fram kæmu við byrjun og enda líkamningsfyrirbærið eins og þokan eða móðan, sem hnoðrinn virtist vera gerður af.

IV.

Að lokum langar mig til að birta hér það, sem Tryggvi Emilsson segir í framhaldi þess, sem tekið er upp eftir honum hér að framan, og vil ég þó því til samanburðar fyrst taka það upp, sem Tómas skáld Guðmundsson hugsar sér varðandi dauða Jónasar Hallgrímssonar. „Hann kipptist við“, segir Tómas, „og hárbeytt kvöl, snögg eins og elding, hríslaðist frá fætinum veika og læsti sig um allan líkama hans. Á sömu stund var hann dáinn, en á fölu andlitinu vottaði enn fyrir brosi, sem hefir numið staðar í sársauka þessa hinsta augnabliks.“

„Ég horfði lengi á litla andlitið hennar systur minnar“, segir Tryggvi. „Þjáningarsvipurinn var horfinn og mér sýndist brosið á vörunum, sem áður hafði lýst svo mikilli mildi, vera fegra en nokkru sinni fyrr, og ég þóttist sjá, að þjáningin hefði horfið áður en hún dó.“

Það eru einkum þessi síðustu orð Tryggva, sem fela í sér ósamkvæmni við það, sem Tómas hugsar sér varðandi dauðann, og læt ég hér ógert að dæma um, hvor réttara hefir fyrir sér.


Þorsteinn Jónsson á Úlfstöðum.

DRAUMASAMBÖND VIÐ MENN Á ÖÐRUM STJÖRNUM


Draumar eru óaðskiljanlegur hluti af lífsreynslu hvers manns. Þó hagar svo til, að erfitt hefur reynzt, að skilja eðli þeirra, og hefur algjör óvissa ríkt í þeim efnum. Skýringartilraunir á draumum leiddu aldrei til rétttrar niðurstöðu, unz dr. Helga Þjeturss tókst að uppgötva sambandseðli þeirra, snemma á þessari öld. En hvert er þá eðli drauma? Hver er hin náttúrufræðilega skýring á þessum undarlegu sýnum, sem hver maður fær að reyna í svefni á hverri nóttu?

Mun ég reyna að svara í stuttu máli, og nefna nokkur aðalatriði.

Draumur er ævinlega sambandseðlis. „Það er ekki draumur fyrr en samband er við annars meðvitund.“ (H. P.). Draumur eins er ávallt vökulíf annars manns. Í draumi fáum við samband við mann,



Kúlupyrping í stjörnumerkinu Herkúles í 34 þúsund ljósára fjarlægð. Hvergi mun fegurð stjörnuhiminsins vera meiri en hjá íbúum slíkra stjörnuþyrpinga. Hefur slíkur stjörnuhiminn stundum sézt í draumi.



Á þeim litla bluta himinsins, sem þessi mynd nær yfir er mikill stjörnuski. Og einhvers staðar í hnattasafni himnanna eru þeir, sem við höfum drauma sambönd við á hverri nóttu.

sem er vakandi, og sjáum það sem hann sér og lífum það sem hann lífir. Engan getur dreymt neitt annað en það, sem einhvers staðar er að gerast á þeirri stundu, sem draumurinn á sér stað.

Draumgjafa má kalla þann, sem samband er fengið við í draumi, þann sem draumurinn stafar frá.

Margt er í draumum okkar öðruvísi en það, sem við þekkjum úr vöku. Stundum ber við að við horfum í spegil í draumi, og þá bregður ævinlega svo við, að aldrei er það okkar eigið andlit sem við sjáum. Þetta hafa margir reynt. Það sem þannig er séð í draumi, er andlit draumgjafans.

Margar draumsýnir benda til þess að samband sé við draumgjafa á einhverri stjörnu í öðru sólhverfi. Til slíkra fjarsýna benda draumar, þar sem ókunnan stjörnuhiminn ber fyrir augu. Draumgjafinn er þá að horfa á himi nsinnar jarðar, og auðvitað er þar um að ræða önnur stjörnumerki, öðruvísi niðurröðun allra stjarna himinsins, frá þeim hnetti séð.

Algengt er og að sjá í draumi dýr og jurtir annarra tegunda, en þeirra, sem hér á jörðu þekkjast.

Allt bendir til að draumar stafi ávallt af sambandi við fjarlægan sýngjafa. Og margt sem í draumi sést, er einkar fróðlegt. Í draumi getum við, þótt í litlum mæli sé, kynnt að nokkru náttúrufræði alheimsins. En skýrari þyrftu þó draumar okkar að vera, til þess að hafa mætti af þeim meiri not og fróðleik.

Ég vil benda mönnum á, að skoða drauma sína með þau viðhorf í huga, að þar sé um að ræða sýnir til annarra staða, og ávallt sé um að ræða samband við annan mann, og að við í draumi skynjum þætti úr vökulífi hans, skynjum það sem hann lifir, sér, hugsar og finnur til, fáum þátt í vitund hans að meira eða minna leyti.

Helgi Pjeturss færði draumana yfir á svið náttúrufræðinnar, og með þann skilning í huga, verða draumar hverjum og einum miklu merkilegra fyrirbæri en ella. Slíkur draumaskilningur hefur og þann stóra kost, að hver og einn getur athugað eigin drauma út frá þessu sjónarmiði og sannfærzt sjálfur um gildi þessa skilnings.

Ingvar Agnarsson.

(Birtist í Tímanum 30. 7. 1977).

M Y R —

Spakmæli úr ljóðum Steingríms Thorsteinssonar

Afl hver á að reyna / afl sem hefur það;
sú er sælan eina / sem að fæst með dáð.

eitur, brenna, kyrking, kross / kvala blóðug raunin.
Fyrir unnin andans hnoss / urðu tíðum launin:

Fyrir sigri sannleiks bið, / sem að vondir níða;
sannleik veittu sjálfur lið, / sjálfur þorðu að líða

Hve þögul er nóttin með þús hundruð loga,
þín leitar sjón mín um stjarnanna boga.

Stríð er þitt stundarheims líf,
ef stríðmaður ert þú hins góða.

ÖNDUNARÆFINGAR. STJÓRN ÖNDUNAR

Hér tala ég um mál af eigin reynslu, en ekki af fræðilegri þekkingu fram yfir það sem ég hef lesið mér til um.

Árangur minn í því að ná stjórn á andardrættinum hefur gert mér kleift að ná sjálfstjórn og að sigrast á erfiðleikum, hugarangri og óæskilegum hvötum, svo sem ákafri löngun í vín. Einnig hefur þessi sjálfstjórn hjálpað mér að mæta þeim erfiðleikum sem oft mæta manni í daglegu lífi („stressi“).

Aðferð mín er þessi: Ég sezt niður, anda rólega að mér og fylli lungun lofti, held andanum niðri 2—3 sekúndur og anda síðan rólega frá mér. Þannig reyni ég að kyrra eða temja innöndun og útöndun, og þó þannig að hún verði óþvinguð og regluleg. Sem sagt: ég reyni ekki aukalega á mig með þessu né þvinga mig óeðlilega, heldur tel ég mig með þessu skapa mér andlega kyrrð og vellíðan.

Ég hef, eftir að ég hef þjálfað mig í þessu, getað losað mig undan andlegri streitu og óæskilegum tilhneigingum, svo sem vín-löngun, með því að grípa til þessara æfinga þegar slíkar tilhneigingar gerðu vart við sig.

Vegna þessarar reynslu minnar hef ég hugleitt hvort ekki mætti með einföldu tæki hjálpa fólki til þess að temja öndunina, þannig að vilji það eða þurfi að hætta að reykja, gæti handhægt áhald orðið til að auðvelda því baráttuna.

Með nokkrum orðum vil ég færa rök að þessari skoðun sinni, og lýsa því áhaldi sem ég hef hugsað mér og tel geta komið að notum. Þó vil ég taka fram að tækið yrði að útfærast tæknilega, og aðeins reynsla nokkurra tilraunamanna gæti fyllilega sannað gildi þess. Auk þess yrði að gefa fólki haldgóðar upplýsingar um gildi þess að kyrra og stjórna andardrættinum.

Nr. 1. Þjálfun þessi skapar fólki vissa nautn, sé rétt að farið, því að hugurinn róast við hana.

Nr. 2. Óskinni eftir því að gleyma einhverju vandamáli eða ásókn nautnasýki er fullnægt á því augnabliki eða sekúndum sem

hugsunin hverfur úr vitundinni. Meðan fólk heldur niðri í sér andanum hverfur því öll hugsun og hugurinn hvílist einnig við einbeitinguna að réttri inn- og útöndun.

Nr. 3. Ef við horfum á mann reykja, verður okkur ljóst, að hann er jafnframt ósjálfrátt að reyna að kyrra hugann, þegar hann sagnar til sín reykinn og heldur honum niðri, stundum allt að 2—3 sekúndur. Hér er ekki nikótínið eitt að verki, því hér er um sálræna hlið málsins að ræða. Með því að halda andanum niðri í sér stöðvast hinn látlaus straumur hugsananna, og maðurinn slakar á vöðvakerfi sínu um leið og hugsunin hverfur. Þetta er að mínu álitum sálræna hliðin á reykingum. Fólki verður rórra, og því finnst að reykingarnar skapi þá kyrrð og þann frið sem hver einasti einstaklingur þráir. Samkvæmt minni reynslu eru áhrif reyksins hér ekki ein að verki, heldur er mikill hluti þessa sálræna eðlis. Skynsemi mín er ekki fær um að dæma um þau efni, en þráin eftir kyrrð hugans er máskæ aðalatriðið og innsta eðli þessa máls.

Tækið.

Mér er það fyrir löngu orðið ljóst, að ekki þýðir að segja við reykingafólk: Setjzt í góðan stól, slakið á og þjálfid öndunina í stað þess að reykja og með því hverfur löngunin fyrr og baráttan verður léttari. Að ná árangri á slíkan hátt er á fárra færi. En ef hægt er að láta þetta fólk hafa einhvern hlut sem líkist vindli eða sígarettu, er því fengið í hendur tæknilegt áhald, sem veitir í fyrsta lagi þá fróun að handfjatla eitthvað í stað reykingatækisins. Sé hlutaðeigandi samtímis kennt að skilja gildi öndunaræfinga, öðlast hann á stuttum tíma með þessu tæki það sem hann glataði sálrænt við það að hætta við vindilinn. Um leið og freistingin ber að dyrum, getur hann gripið gervivindilinn, og hafi hann réttar upplýsingar um gildi öndunaræfinga, getur hann á 3—7 mínútum róað hugann og komizt yfir löngunina í vindilinn eða sígarettuna. Um gerð tækisins mætti margt segja, en í rauninni er það tækni-legt og vísindalegt viðfangsefni.

En höfuðatriðin eru þessi: Gegnum gervivindilinn dregur maður andann djúpt að sér og um leið og lungun fyllast lofti, lokar maður með fingrinum fyrir innöndun um tækið. Síðan sleppir maður inntakinu við útöndun, allt eftir því hvað hver vill halda andanum lengi niðri í sér, enda opnast þá útöndunarrás tækisins. Mun vera nauðsynlegt, að útöndunin sé hægari en innöndun.

Jóhannes Pálsson, Hvolsvelli.

ÚR EYRBYGGJA-SÖGU

Það gerðist allt sama kvöldið, að Þorvarður á Söndum las úr Eyrbyggju um Fróðárundur í útvarpið, að Eiríkur Björnsson læknir flutti erindi um sama efni í útvarp, að Garðar í Hellisholtum hringdi til mín um að missa ekki af því erindi, og að tunglmyrkvi varð á austurloftinu. Ég missti af lestri Þorvarðs í þetta sinn — því miður, því hann les ágætlega — heyrði erindið, og sá deildarmyrkvann, sem minnti mig á tungl það sem heimamenn á Fróðá sáu „á veggbili“ meðan undrin gengu yfir.

Um erindi læknisins þótti mér það merkilegast, að hann hikaði ekki við að byggja á Eyrbyggju sem atburðasögu — enda trúá því nú fáir orðið, að sögur sem fornleifafundir hafa margstaðfest, séu ekki annað en skáldsögur. Eyrbyggja er ein sú saga sem traustust hefur þótt, og staðfesti athugun læknisins þann skilning, svo langt sem hún náði. Rakti hann atburði hennar með nákvæmni, og byggði skýringar sínar á því að þeir væru raunverulegir, en sagðist vilja leggja í þá annan skilning en söguritarinn.

Fróðárundur reyndi Eiríkur Björnsson að skýra sem taugaveikifaraldur, og sem ýmislegt hugarástand samfara sóttinni, og vil ég um þá skýringu segja, að sumt í frásögninni kann að koma vel heim við þá skýringu, en annað síður, og sumt er því með öllu óviðkomandi hvað sóttinni leið. Þegar fram í sótti og fyrirbærin mögnuðust, gafst læknirinn hreinlega upp við að skýra, á þeirri leið sem hann þó hafði markað sér. Virðist það ekki vera heiglum hent að glíma við Eyrbyggju. Höfundurinn hefur verið stórvitur maður og meðferð hans á „dulrænum fyrirbærum“ er slík, að fáir hafa við hann jafnast, af fyrri tíma mönnum.

Kjarnann í sögu Fróðárundra tel ég vera tunglsýnirnar í eldaskálanum á Fróðá, og er einmitt svo augljóst, að ekki er þar um neina veikindaóra að ræða, heldur virðist þetta hafa verið sameiginleg fjarskyggni heimafólksins, áþekk því sem þeir urðu löngu síðar aðnjótandi Þorleifur í Bjarnarhöfn og Emanuel Swedenborg, svo að einhverjir séu nefndir. En það er athyglisvert að tunglsýnir þessar hefjast kvöldið sem líkmenn koma heim úr Skálholtsför með lík Þórgunnu.

Það er athyglisvert að læknirinn nefndi í erindum sínum bæði líkamninga og miðilsfundi, — orð sem um skeið hafa verið bannorð með menntamönnum. En nú er þetta að breytast, og munum við heyra ýmis dæmi þess á næstunni. Doktor Eiríkur á þakkir skildar fyrir að ríða þar á vaðið.

Mars 1979, Þorsteinn Guðjónsson.

PRÍÐJASTIGS UPPGÖTVUN:

Byggilegar reikistjörnur í okkar vetrarbraut

Grein er birtist í hinu virta franska dagblaði „Liberation“ 24. apríl s.l.

Fjöldi byggilegra reikistjarna í okkar vetrarbraut gæti sýnt sig að vera miklu meiri en menn hafa haldið fram til þessa. Þessi stjarnfræðilegi merkisboðskapur er niðurstaða rannsókna tveggja stjörnufræðinga í stjörnuathugunarstöðinni Kitt Peak (Arizona). Próffessorarnir Helmut Agt og Saul Levy hafa uppgötvað að stjörnur þær, sem álitnar eru „heitar“ geta haft reikistjörnur á brautum umhverfis sig. Eftir því sem reikistjörnur snúast hraðar þeim mun „heitari“ eru þær og þeim mun minni líkur eru fyrir því að þær eigi sér fylgihnetti. Sólin er til dæmis „köld“ stjarna. Í riti, sem gefið er út af hinum mjög svo virta ameríska vísindasjóði (National Foundation of Science) benda stjarnfræðingarnir tveir á, að við rannsókn þeirra á 123 „köldum“ stjörnum árið 1976 hafi þeir fundið hnetti umhverfis tíu prósent þeirra. Þessir hnettir voru of litlir til þess að vera aðrar sólar og var þar ótvírætt um reikistjörnur að ræða að áliti próffessoranna. Nýleg rannsókn á fjörutíu og tveimur sólkerfum „heitra“ stjarna leiddi í ljós að sjö, eða samtals 16% af þeim, áttu sér ótvíræða fylgihnetti. „Þessar niðurstöður sýna, að flestar tegundir stjarna eiga sér fylgihnetti og að í 10—20% tilfella eru þessir fylgihnettir reikistjörnur“, undirstrika þeir herra Agt og Levy.

Próffessor Agt bendir á að meðal hinna 100 milljarða stjarna vetrarbrautarinnar séu líklega 10 milljarðar, sem hafi reikistjörnur á braut umhverfis sig, „en við vitum ekki“, segir hann, „*hversu mikill hluti þeirra er byggilegur.*“

Halldór Stefánsson þýddi.

FJARSAMBÖND OG FYRIRBÆRI

Athugasemdir við erindi og umræður.

I.

Í 21. og 22. tölublaði LÍFGEISLA (maí og júní 1979) birtist erindi eftir Þorstein Gylfason lektor í heimspeki við Háskóla Íslands, flutt á fundi hjá Nýalssinum þann 21. apríl sama ár, ásamt umræðum, sem fram fóru á eftir því. Ennfremur er þarna vísað til útvarpserindis, sem sami höfundur hafði flutt árið áður, en hefur enn ekki birt á prenti þegar þessar línur eru ritaðar, en lá fyrir í ljósriti á fundinum.

Fyrirsögn erindis Þorsteins Gylfasonar og umræðnanna var: *Um fyrirburðafraeði* og var tilgangur okkar Nýalssinna, með því að leita til hans, sá, að gefa talsmanni hinnar opinberu háskólaheimspeki kost á að setja fram skoðanir sínar í þeim stað og aðsetri, sem byggður er upp beinlínis á því grundvallaratriði, að það sem fyrirburðafraeðin er að skýra frá, sé staðreyndir að verulegu leyti. Þorsteinn Gylfason tók þessu boði, og hann féllst einnig á að birt yrði í LÍFGEISLUM aðalefni umræðnanna. Tel ég hann hafa vaxið af þessu hvorutveggja, og jafnframt hækkað nokkuð risið á þeirri menntastofnun, sem hann starfar við. Hann hefur ekki skorast undan því að ræða málin, og ber honum virðing fyrir það, en vitanlega þýðir þetta ekki, að skoðanir hans séu undanskildar gagnrýni frekar en áður. Aðalatriði er það að umræðugrundvöllur hefur skapast um raunveruleik þeirra fyrirbæra, sem heimspeki Nýals byggist á, og tel ég þetta merkan áfanga.

Þorsteinn Gylfason viðurkennir það sem skyldu sína að gera sem gleggsta grein fyrir andófi sínu gegn fyrirburðafraeðinni (Lífgeislar nr. 21 bls. 3—4) og hann leitast við að gera það í erindi sínu. Hann nefnir til bæði almenn og sérstök rök, og meðal almennu rakanna er meðal annars það bragð hans að flokka fyrirburðafraeðina með: 1) ýmsum lítt útskýranlegum kenningum og skoðunum eins og stjörnuspáfræði og pýramídaspáfræði, 2) öðru því sem með réttu eða röngu er dæmt vafasamt — boðskap hugarflugsmanna eins og Dänikens og Velikovskys, og 3) jafnvel með hreinum gabb- og fáránleika „kenningum“ eins og flatjörðungatrú eða holheimstrú — það er raunar misnotkun á orðinu „kenning“ að nota það í slíku samhengi, og er reyndar ekki mest við Þorstein

Gylfason að sakast í því efni, því að ólíklegustu menn hafa tekið þannig til orða eitthvað á þá leið í blöðum og útvarpí, að „við Íslendingar séum orðnir yfir það hafnir að taka mark á kenningum“ — eða með öðrum orðum að við séum orðnir andlega steinblindir. Í heiðarlegum málflutningi þýðir orðið kenning á íslenzku yfirleitt hið sama og gríska orðið 'ῥεορία' (sem þýðir sýn eða skoðun, síðar: skipulegt yfirlit).

Þessa samjöfnun fyrirburðafræðinnar við vafasamar stefnur og kenningar tel ég mjög rangláta og fráleita gagnvart fyrirburðafræðinni sem vísindagrein, og viðurkenni alls ekki orðið 'hjáfræði' í því sambandi og tala ekki meira þar um, en er hinsvegar sammála Þorsteini Gylfasyni um það, að almennu rökin skipti minna máli en hin sérstöku, sem kynnu að beinast gegn einstökum þáttum fræðanna. Ég vil þó aðeins bæta því við, að sú röksemd sem stundum er beitt gegn fyrirburðafræðinni, og einnig örlar á hjá Þorsteini, að hún gæti orðið *hættuleg*, hefur fyrir mér ekkert gildi. Það má aldrei blanda því saman, hvað gæti orðið hættulegt og hvað er sannleikur. Sannleikurinn er ekki hættulegur, en það getur verið hættulegt að dylja hann fyrir sér eða ganga fram hjá honum.

Að þessu athuguðu vil ég nú víkja nokkrum orðum að erindi Þorsteins og umræðunum um það.

Veruleiki fjarhrifa, hugsanaflutnings, fjarskyggni og annarra slíkra fyrirbæra er í rauninni svo sjálfsagt mál, að ekki ætti að þurfa að eyða orðum að „gagnstæðri skoðun“. Þorsteinn Gylfason er líka nógu skynsamur til að setja ekki fram neitt þessu gagnstætt. „Ég neita engum fyrirbærum“, segir hann (Lífgeislar 21., s. 28). „Ég neita *engu* fyrirfram um staðreyndir máls“ (s. 33). „Ég hef ekki beitt mér neitt í því efni“ (gegn fyrirburðafræðinni — s. 31). Aðferð hans er nefnilega ekki sú, að setja fram sína skoðun, sinn skilning á málunum og verjast svo og sækja á þeim heimavelli, heldur að gagnrýna annarra skoðanir, og þó einkum einstök dæmi og einstaka menn. Þessi aðferð er mjög handhæg fyrir þann sem vill leika hlutverk ádeilumannsins, en hún er ekki að sama skapi líkleg til að leiða til rétttrar niðurstöðu eða aukins skilnings. Þó að Þorsteinn Gylfason segi í umræðum, að hann neiti engum fyrirbærum er ekki þar með sagt að hann sé reiðubúinn að játa einu einasta fyrirbæri af þessum toga. Ég vildi a. m. k. gjarna vera viðstaddur, þegar hann gerir það. En það vill nú líka svo skemmtilega til, að hann hefur, óafvitandi þó, sagt frá eigin reynslu, sem er í rauninni óskýranleg út frá öðru en fjarhrifum og hugsambandi

— er þá auðvitað full rök fyrir því að slík fyrirbrigði eigi sér stað. Þetta er draumurinn sem hann dreymdi úti í Harvardháskóla.

Draumur Þorsteins Gylfasonar.

Þorsteinn segir svo frá, að honum þótti í draumnum sem hann væri staddur á tjarnarbakkanum í Reykjavík, „í Hljómskálagarðinum neðan Bjarkargötu“. Á tjarnarbakkanum hittir hann amerískan féлага sinn, sem hann nefnir Andrés, og var sá í „útprjónaðri lit-skrúðugri peysu“ af tiltekinni gerð, og með skauta í bandi yfir öxlina. Síðan vaknar Þorsteinn og á leiðinni í morgunmatinn hittir hann annan kunningja sinn og segir honum drauminn. En þessu næst hittir hann Andrés sjálfan á leið úr matsalnum — í peysunni og með skautana — og varð sú hending til þess að fram fór nákvæm rannsókn, sem mjög var að vísu góðra gjalda verð, en skýrir þó ekki málið til neinnar hlítar. Áhugi þeirra féлага var allur á því að sanna, að Þorsteinn hefði getað séð peysuna og skautana daginn áður, og svo er að sjá sem þeim hafi tekizt það. Hugsana-gangurinn er sá, að hafi Þorsteinn séð þessa hluti í vöku — jafnvel þótt hann veitti þeim sem næst enga athygli — þá hafi hinn bráð-skarpi svefnhugur getað munað allt, getið sér til um skautaævin-týrið („mjög skemmtilegt“) og búið síðan til samsvarandi myndir og atburðarás. Þó svo að slíku væri nú játað (sem er reyndar frá-leitt), þá kemur hér annað til. Andrés er t. d. þegar Þorsteinn mætir honum ekki með peysuna t. d. í höndunum, heldur er hann í henni og hann er með skautana um hálsinn. Og það sem meira er: Andrés er þarna að koma af stefnumótinu sem hann hafði átt fyrr um morguninn, og þá samkvæmt öllu samhengi frásagnarinnar um líkt leyti og Þorstein dreymdi drauminn. Sú tilgáta virðist því meir en leyfileg, að stúlkan sem þennan morgun var með piltinum á skautasvelli hafi orðið draumgjafi Þorsteins Gylfasonar. Auðvitað var henni á þeirri stundu starsýnast á pilt sinn af öllum hlutum, og það er þessi sjón, ásamt tilfinningu þess að vera stödd á gamalkunnu skautasvelli, sem fram kemur í með-vitund dreymandans. Hér styður hvað annað á ákjósanlegasta hátt.

Hitt virðist skipta minna máli, hvort Þ. Gylfason sá peysuna áður en hann dreymdi drauminn, eins og af hendingu og án sér-stakrar athygli. Slíkt hefði aðeins átt að geta verkað til stuðnings því að gerð peysunnar í draumnum festist honum í minni, en það hefði aldrei getað skapað sýn og atburðarás á þann hátt sem varð. Þorsteinn Gylfason er því, eins og reyndar við öll, gæddur þeirri

dásamlegu sálargáfu að geta séð með annars augum, lifað annarra lífi.

Ástæða hefði verið til að taka nánar fyrir ýmis atriði í umræðunum, en ég læt nægja að benda á eitt, sem er sérstaklega athyglisvert. Þorsteinn Gylfason segir (bls. 20) að það sé „alveg fullkomlega gamalkunnugt atriði“, hvernig bein skynjun og draummyndir séu hvor annarri líkar en ólíkar því að setja sér fyrir sjónir eða hugsa um sömu skynjanir. Betur að satt væri. Í öðru lagi segir hann (bls. 21), að hann hafi sjálfur ekki hæfileika til að setja sér fyrir sjónir þannig að verði sem sýn. En þó telur hann að ýmsir aðrir menn hafi þennan hæfileika, sem hann hefur ekki sjálfur. Í þriðja lagi segir hann (bls. 21): „Ég er ekki viss um að þetta sé galli á draumakenningu Freuds (að hann skýrir þetta ekki)“.

Þessi þrjú atriði tekin saman, sanna það, að Þorsteinn Gylfason hefur enga ljósa hugmynd um þetta mál. Hann hefur eins og allir aðrir íslenzkir sálfræðingar og heimspekikennarar, fullkomlega vanrækt að gera sér grein fyrir þessu undirstöðuatriði.

Þorsteinn Guðjónsson.

TIL LESENDNA:

Munið að tilkynna bústaðaskipti, annars er hætt við að ritið komist ekki til skila.

Gíróseðlar voru sendir út á fyrri hluta þessa árs til þeirra, sem áttu enn ógreidd gjöld fyrir árin 1977 og 1978, sem er kr. 1000,00 fyrir hvort árið um sig.

Langflestir gerðu skil án tafar, en fáeinir eiga þó enn óuppgert fyrir þessi ár. Mundi það létta undir fjárhag útgáfunnar, ef viðkomandi áskrifendur sæju sér fært að gera þetta upp sem fyrst.

Einnig kæmi sér vel ef einhverjir vildu senda greiðslu fyrir þetta ár, 1979, kr. 2,500,00, án þess að þeim væri sent sérstakt innheimtubréf (gíróseðill).

Sendið ritinu efni til birtingar. Flestir hafa frá einhverju markverðu að segja. Allt slíkt væri vel þegið.

Eins og stundum áður, viljum við minna lesendur Lífgeisla á, að reyna að afla ritinu nýrra áskrifenda, en á því er hin mesta nauðsyn.

Með bestu kveðjum.

Ritstj.

ÚR SÓLARLJÓÐUM (Brot)

Sólir annarra heima séðar á dauðastund.

1. Sól eg sá
sanna dagstjörnu
drúpa dynheimum í;
en Heljar grind
heyrðag á annan veg
þjóta þunglega.
2. Sól eg sá
setta dreyrstöfum
mjög var eg þá úr heimi hallur;
máttug hún leizt
á marga vegu,
frá því er fyrri var.
3. Sól eg sá
svo þótti mér
sem sæja göfgan guð;
henni eg laut
hinzta sinni
alda heimi í.
4. Sól eg sá
svo hún geislaði,
að eg þóttumk vættki víta;
en gylfar straumar
grenjuðu á annan veg,
blandnir mjög við blóð.

5. Sól eg sá
 á sjónum skjálfandi
 hræðslufullur og hnipinn,
 því að hjarta mitt
 var harðla mjög
 runnið sandur í sega.
6. Sól eg sá
 sjaldan hryggvari;
 mjög var eg þá úr heimi hallur;
 tunga mín
 var til trés metin
 og kólnað að fyrir utan.
7. Sól eg sá
 síðan aldregi
 eftir þann dapra dag,
 því að fjalla vötn
 luktust fyrir mér saman,
 en eg hvarf kallaður frá kvölum.
8. Vonarstjarna flaug,
 — þá var eg fæddur, —
 brott frá brjósti mér;
 hátt-at hún fló,
 hvergi settist,
 svo að hún mætti hvíld hafa.

SKÝRINGAR:

1. *dagstjarna*, sólin.
3. *alda heimur*, heimur jarðvistarinnar.
4. *að eg þóttumk vætcki vita*, að ég var höggdofa af undrun;
gylfar straumar, árstraumur, sbr. Heljar grind í 1. v.
5. *hjarta mitt var runnið sundur í sega*, hjarta mitt var sundurkramið (*segi*: smástykki).
6. *til trés metin*, stíð eins og tré.
8. *vonarstjarna*, hér: sálin; *fæddur til annars lífs*.

Draumar

Draumur um ferðalag á annarri jarðstjörnu

Mig dreymdi að ég væri staddur á öðrum hnetti ásamt samferðafólki mínu. Ferðalag okkar var með þeim hætti, að við höfðum flutzt hamförum (líkamnast) á þennan ókunnuga stað.

Var ætlun okkar að rannsaka náttúrufar þessarar jarðstjörnu. Við stóðum öll vatnið upp í mitti og sást vatnið svo langt sem augað eygði. Vatnið var mjög grunnt á þessu svæði og var ljósbrúnn leir í botninn. Skiptist þar á mannhæðadjúpir álar og grynningar. Varð ég strax var við boðaföll á grynningunum eins og þar væru fældir fiskar á ferð. En þegar ég gáði betur að, sá ég að svo var ekki. Mér til undrunar voru þetta „bjöllur“ á við meðalstóra hörpuskel og að mér sýndist í ætt við brunnskluður.

Ætlunin var að synda á móti sólu og sjá hvað yrði á vegi okkar. Að öllum líkindum munum við hafa verið sundfólk með afbrigðum því okkur bar hratt yfir.

Tók nú vatnið á sig aðra mynd og veitti ég athygli gríðarlangri röð dökkra kóralrifja sem skiptu þessum hluta vatnsins í tvo helm-inga. Ákvað ég að skoða þessa kóraltegund nánar og steig ég því upp á einn sem maraði hálfur í kafi. Lét kalksteinshnullungur undan þunga mínum og hvarf ofan í grængolandi hlydýpið.

Sá ég þar grænleita pundfiska og virtust þeir vera hærðir nokkuð en vel skapaðir.

Gróður var á hinum stærri kóröllum er líktist helst hávöxnum þörungum, nema blaðgrænan réð þar ríkjum.

Eftir stutt ferðalag höfðum við fast land undir fótum og geri ég ráð fyrir að landið hafi verið eyja umlukt þessu stóra vatni. Bar eyjan menjar þess að byggt og búið hefði verið þarna einhvern tímunn í fyrndinni. Glögg mætti sjá rústir hálfhrunninna bygginga. Í einni hvelfingu þessara fornu bygginga rákumst við á fornt tæki, sem starfaði ennþá þrátt fyrir sinn háa aldur. Ekki bar ég, né mitt

samferðafólk, kennsl á slíkt tæki, enda veltum við vöngum yfir þessum furðuhlut. Þurftum við ekki að bíða lengi eftir svari, því að fyrir okkur bar ókunnar svipmyndir af einhverju furðudýri í ætt við „bjöllur“. Var skepna þessi geysistór og sló hvítum bjarma á allan skrokk hennar. Geri ég ráð fyrir að furðuskepna þessi hafi haft lungu og andað með hætti hvala, því öndunarfæri hennar eða vit voru á baki hennar eða á hnakka. Vissi ég þá að tæki þessi voru í einhverju sambandi við þessi furðudýr og um leið hvarf þessi sýn okkur, jafnskjótt og hún kom.

Urðum við þess allt í einu áskynja að við værum óvelkomin á þennan jarðhnött. Vitsmunaverur þær (sem við kunnum engin deili á) sem byggðu þessa jörð, voru að leita okkur uppi og höfðu illt í hyggju.

Við sem vorum í leiðangri þessum, vorum ljóshært, bláeygt, fallett og góðviljað fólk, með mikinn rannsóknáhuga. En ekki munu frumbyggjar þessir hafa kunnað að meta heimsókn okkar, þar sem þeir vildu útrýma okkur. Þá dettur manni líka í hug, hvernig vera muni hugarfar sumra jarðarbúa til íbúa annarra hnatta — ef þeir kæmu hingað í heimsókn.

Þorsteinn Sveinsson Víkingur.

(Birtist í Morgunbl. 4. mars 1979).

Ferðalag — Draumur

I.

Mér fannst ég vera staddur á Seyðisfirði. Ég hafði ekið þangað frá Hornafirði. En engan bíl sá ég eða varð var við á nokkurn hátt. Samt var ég fullviss um að ég hafði ekið þangað.

En það kynlega var, að þó vissa mín væri sú að ég hefði verið og væri á þessum fyrrnefndu stöðum, sem ég hef nafngreint, þá voru þeir í engu svipaðir sömu stöðum í raunveruleikanum. Það var aðeins hugurinn sem sagði mér að ég væri á þessum stöðum. Mér fannst þetta allt vera eðlilegt.

En ferðalag mitt hélt áfram. Nú var áfangastaðurinn Akureyri. Ég átti að fljúga með flugvél, en hana sá ég aldrei. Samt sem

áður var ég kominn til Akureyrar í einu veffangi. Á Akureyri varð það sama upp á teningnum — staðurinn var í engu líkur þeirri Akureyri sem við þekkjum.

Allt landslag var í engu svipað þeim stöðum sem við vitum hvernig er, það mætti ef til vill segja að land og umhverfi hafi verið í mótsögn við það sem við þekkjum.

Margt fólk varð á vegi mínum á Akureyri. Ég spurði fólknið til vegar að símstöð, sem mér fannst ég eiga erindi til. Mér var vísuð leið þar til að ég kom að húsi, gömlu timburhúsi, þar sem uppi hékk skilti úr áli og þar stóð „Póstur og Sími“. Skiltið var það eina sem höfðaði til raunveruleikans.

Mér fannst ég ganga inn í húsið og fór ég tvær tröppur niður og var staddur í herbergi sem í engu var líkt símstöðvarafgreiðslu. Mér fannst ég kalla eftir afgreiðslu.

Fljótlega kom kona úr öðru herbergi sem var tveimur tröppum ofar en það sem ég var í. Konan var jafnhá mér þegar hún stóð í efra herberginu. Konan hélt sömu hæð við mig þegar hún kom niður í herbergið sem ég var í, og við horfðumst í augu. Ég varð undrandi á þessari mismunandi hæð, sem henni virtist eðlilegt að vera í eftir aðstæðum.

Við þetta vaknaði ég að morgni dags í þriðju viku maímánaðar 1979.

Grétar Birgis.

II.

Það sem er athyglisverðast við þetta draum-ferðalag Grétars Birgis frá sjónarmiði sambandskenningarinnar er þetta, hvað atvikaröð draumsins sjálfs, eins og hún er í lífi draumgjafans, greinist þarna vel frá rangþýðingum eða minningatengslum dreymandans. Honum þykir hann vera staddur á Seyðisfirði og hafa komið þangað frá Hornafirði og er þess fullviss að hafa ekið þá leið „en engan bíl sá ég eða varð var við á nokkurn hátt“. Og sama verður uppi á teningnum þegar hann heldur svo til Akureyrar. Flugvélin sér hann aldrei. Og hvorki „Seyðisfjörður“ eða „Akureyri“ né heldur „Hornafjörður“ (sem hann virðist hafa haft glögga minningu um þegar draumurinn hófst, en ekki „séð“ þann stað í draumnum) er neitt líkur því sem hann veit þá staði vera. Gamla timburhúsið sem hann sá þar er væntanlega ekki til á Akureyri, og ekki virðist heldur vera ástæða til að ætla að „orðmyndin“ Póstur og Sími hafi verið samkvæm veruleikanum á þeim stað sem draumurinn

er frá, fremur en bæjanöfnin sem þarna er um að ræða. „Land og umhverfi eru í mótsögn við það sem við þekkjum“ — og fólkið þekkir hann ekki. Sennilegast þykir mér, þó að ákveðin atriði liggi ekki fyrir um það, að draumgjafinn hafi verið íbúi einhvers lands á öðrum hnetti, og þá líklega þar sem framfarastefna ríkir, því einhvernveginn ber þessi draumur það með sér að það er bjart yfir honum. Óskandi væri að draumfréttamaður okkar ætti eftir að geta sagt okkur fleiri tíðindi þaðan sem sambönd hans stafa.

Ég vil endurtaka það, og benda á, að af hinum tveim sögum draumsins, rangþýðingasögunni og sönnu sögunni, beinist athygli draumfræðinga hér á jörð einungis að rangþýðingum, það er endurminningatöttrum þeim sem draumaatburðirnir klæðast oft í meira eða minna. Og ég vil benda þeim á sem vilja komast til skilnings á sambandi draumfræði Nýals við það sem nokkurs er vert í almennum draumakenningum að lesa það sem Þorsteinn Jónsson hefur skrifað um þátt endurminninga í draumum.

Þorsteinn Guðjónsson.

III.

Eitt er það atriði í draumi Grétars Birgis, sem mjög er sérkennilegt, og virðist ekki vera rangþýðing eða tengd minningum hans á neinn hátt.

En það er frásögnin af konunni, sem kom út úr efra herberginu og var jafnhá draumgjafanum á meðan hún var þar, en eftir að hún var komin í neðra herbergið, sem stóð tveim þrepum neðar, þá var hún einnig jafnhá honum, svo að þau horfðust í augu, og varð hann nokkuð undrandi yfir þessu.

Hvaða skýring mundi nú vera líklegust á þessu atviki. Helst gæti mér dottið í hug, þótt ekki vilji ég neitt fullyrða, að konan hafi bókstaflega svifið út úr efra herberginu, og staðnæmst fyrir framan draumgjafann, í nokkurri hæð frá gólfi, svo að þau hafi þá getað horfst í augu.

Víst má telja, samkvæmt algengri draumreynslu, að sumir íbúar annarra hnatta geti svifið í lofti, þegar þeir óska eða þurfa á að halda, og draumur Grétars Birgis virðist mér benda til þess að sú hafi hér verið raunin.

Meiri líforku, en hér þekkest mun þurfa til að geta svifið, en þetta atvik í draumi Birgis bendir einmitt til þess, að samband hans hafi verið við hnött á lífstefnuleið.

Ingvar Agnarsson.

Sambandsfundir

HUGSKEYTI MILLI TVEGGJA TILVERUSTIGA

Frásögn af miðilsfundi 8. febrúar 1975.

Vegna umræðna í síðustu tölublöðum Lífgeisla um marktækar sannanir á miðilsfundum, hef ég löngun til þess að segja hér frá atviki, sem átti sér stað fyrir 4 árum á slíkum fundi og mér þykir á margan hátt sérstakt. Svo vel vill til, að ég hef haldið dagbók um árabíl, þannig að ég á þennan fyrirburð á prenti í nokkuð frumgerri útgáfu.

Það var veturinn 1974—'75, að mér bauðst að vera þátttakandi í vikulegum miðilsfundum, öðru nafni sambandsfundum, á heimili þeirra hjónanna Trausta og Írisar á Grundarstíg í Reykjavík. Miðill var ávallt Sveinn Haraldsson og voru fundargestir nánast alltaf þeir sömu, 6—7 manns. Ég ætla ekki að fjölyrða um aðra fundi en þann sem fór fram 8. febrúar 1975:

Eftir venjulegan inngang Helga Pjeturss og Dungals komu fram nokkrir menn, sem nafngreindu sig, þ. á. m. Sigfús Elíasson (hann hafði raunar búið fyrir í umræddri íbúð á Grundarstígnum), Hafliði Bjarnason (tengdur Iðnó), en einnig margir ónafngreindir aðilar. Í lok fundarins, þegar krafturinn var nokkuð farinn að þverra, kemur svo fram það samband, sem hér er kjarni þessa máls: Sambandið kastar kveðju á fundarmenn og er svo beðinn að segja til sín. Gengur það mjög treglega, þannig að á tímabili mátti búast við, að þetta lognaðist út af. En loksins kemur nafnið Skarphéðinn. Einn fundarmanna spyr þá, hvort hann sé Skarphéðinn Njálsson, þar sem eins og sambandsfundargestir vita, koma títt ýmsir fornmenn í gegn. Þessu er strax neitað. Hann er þá spurður hvort hann hafi búið í sveit. Nei. Kannske í Reykjavík? Já. — Á þessu augnabliki kom mér sú hugmynd, að ég myndi þekkja þennan mann. Ég spyr hann því, hvort hann hafi búið í Laugarásnum? Já. — „Nú, við erum þá kollegar“, verður mér á að segja. Um leið var eins og smá tilfinningasprenging ætti sér stað með miðlinum og/eða þeim, sem í gegnum hann talaði. Miðillinn

bókstaflega talað hófst á loft frá stólnum og baðaði út höndunum þannig, að þeir, sem næstir honum sátu, misstu handa hans og talaði hann eftir það með handahreyfingum án þess að snerta hendur sitjaranna (En eins og kunnugt er fara sambandsfundir þannig fram, að allir fundargestir haldast í hendur og mynda þannig fastan hring með miðlinum). — Sá, sem talaði í gegnum miðilinn varð sem sé ofsakátur yfir því að hafa þekkt og rak hann öðru hvoru upp hláturrokur, sem voru auðþekkjanlega sá sérstæði hlátur máti Skarphéðins Jóhannessonar, arkitekts, sem vinir hans muna.

En nú er frá því að segja í innskoti að undirritaður vann undir stjórn Skarphéðins Jóhannessonar um tíma á árinu 1968 og hafði alla tíð síðan gott samband við hann uns hann lést árið 1971 vegna krabbameins í fæti.

Eftir að við höfðum heilsast, en greinilegt var að engum öðrum sambandsfundargesta fannst sér koma þetta samband við, flutti Skarphéðinn okkur þakkir fyrir þessar tilraunir okkar og ræddi auk þess nánar í kringum það án þess þó að minnast sérstaklega á nýalskan skilning þessara sambandsmála. Hann ávarpar mig svo aftur og segir: „Það eru margir hér hjá mér, sem vilja tala við þig“. Ég hváði við, þar sem það er enganvegin venjan á sambandsfundum að orðum sé beint persónulega til fundargesta. Skarphéðinn heldur áfram og segir mér, að þarna hjá honum sé viss hópur manna, sem vilji færa mér þakkir fyrir það, sem ég hafi gert fyrir þá og ég muni ekki þurfa að sjá eftir því. Mér bregður nokkuð í brún við þessi orð, þar sem ég vissi nákvæmlega hvað hann átti við, án þess þó að mér fyndist hann geta vitað um það. Til þess að komast nánar að málinu, spyr ég hann því, hvað hann eigi við með þessu. Hann svarar og segir: „Þú veist hvað ég á við. Þakkirnar koma fyrir það að hugsa til okkar framliðinna“. Mér varð strax ljóst að hér var á ferðinni meiriháttar fyrirburður, en svo hélt samtalið áfram eins og ekkert væri.

Baksvið þessara orðaskipta var það, að árum saman hafði ég og geri reyndar enn, tileinkað mér þann sið að hugsa sterkt eftir gamalli formúlu til þeirra ættingja, vina, kunningja og fleiri, sem kveðja þetta líf og það um leið og fréttist af hamskiptunum. En meginmálið er það, að þessum sið hafði ég haldið algerlega leyndum enda málið þannig vaxið, að lítið er um það að segja í sjálfu sér. Hins vegar rauf ég þetta þagnarbindindi eftir þennan fyrirburð, þar sem mér þótti ófært að þegja um hann vegna leyndarinnar sem fylgdi hamskiptakveðju minni einnar.

Áður en ég skýri frá lokum þessa sambands finnst mér rétt að athuga hvað hér hafði átt sér stað. Á sambandsfund, þar sem nær eingöngu koma fram hjá fundargestum persónulega óþekktar mannverur, sem tala einkum um þáverandi tilveru sína samkvæmt nýölskum skilningi, þá kemur hér fram beint samband við einn fundargesta. Tilgangur sambandsins er greinilega að skýra frá því, að sambandið viti, hvað hann hugsí. Það snertir þó ekki á neina hátt jarðvistarbundin atvik, eins og t. d. hvar einhver skildi eftir ákveðna hluti, eða viðhafði viss orð við viss tækifæri, heldur tengdist það beinum hugskeytum til nýframlíðinna manna, sem enginn annar vissi hið minnsta um. Hér er sem sagt enginn jarðneskur milliliður milli þess sem einn lifandi maður aðhefst og þeirrar vitneskju, sem kemur til baka í gegnum sambandsfund. Hugskeyti, kann einhver að segja. Já, en þá hugskeyti milli tveggja tilverustiga.

Framhald viðræðnanna við Skarphéðin skiptir minna máli en þær voru þessar: Hann sagðist hafa séð „þessa skrytnu hluti“ á vinnustofu minni og hefði lagt sitt af mörkunum til þess að hjálpa mér við þá. Þó kvartaði hann yfir því að ég væri ekki nógu uppmagnaður til þess að taka á móti öllum þeim hugmyndum, sem að mér bærust. En það væri meiningin að hjálpa mér til þess að nota „þessa hæfileika mína“. Ég spurði hann þá, hvað hann gerði helst. Hann kvaðst stunda arkitektastörf eins og áður. „Maður er nú ekki aðgerðalaus“. Já, það væri margt góðra verka „hér“, sem unun væri að skoða. Nú talaði Skarphéðinn góða stund um arkitektúr, sem var honum greinilega jafnhugleikinn og áður. Og það sem meira var, hann talaði um arkitektúr nákvæmlega eins og fagmaður, t. d. með notkun fagorða, sem enginn hefur á reiðum höndum nema fagmenn.

Ég spurðist fyrir um heilsu hans og þá hvernig fóturinn væri. En skömmu fyrir andlát hans var annar fótur hans fjarlægður. „Hann er sem nýr“, var svarið.

Undir lokin spurði ég hann, hvort ég ætti að skila kveðjum frá honum til einhverra. Hann þakkaði fyrir boð mitt, en sagði svo, að það væri sér meinalaust, „ef þú finnur einhverja til þess að taka við þeim“. Þessu kem ég hér með á framfæri við lesendur.

Hér lauk svo þessu sambandi.

Á meðan á þessu stóð horfði ég ávallt á andlit miðilsins í hálf-rökkvuðu herberginu og það kann að virðast undarlegt en í mestu undrun minni yfir þessu samtali breyttist andlitið fyrir augum

mér í andlit Skarphéðins Jóhannessonar. — Án efa er þetta síðasta atriði skynvilla tengd þeirri fullvissu minni, að ég var að tala við engan annan en Skarphéðin Jóhannesson og gat því ekki séð fyrir mér annað andlit en hans.

Þetta samband á fundinum er í mínum augum mjög merkilegur fyrirburður, en ég geri mér grein fyrir því, að hann verður eingöngu persónuleg sönnun mín fyrir þeirri vissu að lífið tekur engan enda, en breytir aðeins formi sínu í samræmi við meira eða minna okkur jarðarbúum óþekkt lögmál alheimsins.

Einar Þorsteinn Ásgeirsson, hönnuður.

Miðilsfundur 13. apríl 1970 (Brot)

Ásmundur Guðmundsson (Sigurði Ólafssyni): Ég fór af ykkar hnetti fyrir um 700 árum. Ég var óþekktur Íslendingur og átti heima í Austfirðingafjórðungi. Ég vil nú reyna að segja ykkur lítillga frá framlífi mínu. Ég hef átt heima á 3 hnöttum, eftir að ég fór af ykkar jörð. Fyrst kom ég fram á hnetti, sem var ljótur og leiður, miklu verri en ykkar jörð. Þar voru allir svakamenni og hrottar. Og í viðskiptum við þá dugði ekki annað en að beita hörku, því annaðhvort var að duga eða drepast. Mér þótti undarlegt að ég skyldi hafa lent á svona vondum stað, en í fyrstu hugleiddi ég það ekki frekar. En þó kom þar að ég fór að hugsa um mína fyrri ævi á ykkar jörð, og smátt og smátt rann upp fyrir mér, að ýmislegt hafði ég gert á jörðinni, sem hafði orsakað, að ég lenti á þessum illa stað. Og eftir því, sem ég hugleiddi málið lengur, fór ég að komast í andstöðu við umhverfi mitt og þá sem ég umgekkst. Svo kom að því að ég fluttist af þessum hnetti og yfir á annan. Og hvíllik viðbrigði! Þessi nýi hnöttur var svo fagur, að jörðin ykkar kemst þar ekki í neinn samanburð, og er hún þó að mörgu leyti fögur. Og fólkíð hér var svo fagurt og gott. Þarna átti ég nú heima lengi, og þarna tók ég smátt og smátt miklum framförum, og náði allmiklum þroska. Svo fluttist ég þaðan fyrir svo sem einum mannsaldri. Og hnötturinn, sem ég nú kom fram á var svo fagur, að tilgangslaust er fyrir mig að reyna að lýsa því með orðum. Mér fannst eins og væri ég kominn í himnaríki. Ég hef svo átt hér heima síðan. Samband okkar héðan við aðra hnetti, er svo fullkomið, að hinar miklu fjarlægðir eru þar engin hindrun. Ég hugsa gott til sambanda við ykkur í framtíðinni. Þið munuð

eflast, og samböndin munu styrkjast. Ég mun nú ekki segja meira við ykkur að sinni, en síðar mun ég geta sagt ykkur margt fróðlegt. Verið þið sæl.

Ingvar Agnarsson ritaði.

Miðilsfundur 15. febrúar 1971 (Brot)

(Miðlar: Sigurður og Sveinn).

Pétur Rafnsson: Mín er ekki getið í sögum. Ég var húskarll hús-bónnda míns (á Vestfjörðum). Síðan hef ég átt heima á 7 hnöttum. Ef þið gætuð séð mig núna, munduð þið líklega kalla mig guð. Afl mitt er afarmikið. Ég hef oft farið í erfiða leiðangra til annarra hnatta, þar sem miklu ver stefnir en á ykkar jörð. Annars höfum við hér mikil sambönd upp á við til hnatta þar sem lífið er margfalt fullkomnara en hjá ykkur.

Ingvar Agnarsson ritaði.

Miðilsfundur 17. júní 1971 (Brot)

(Miðlar: Sigurður og Sveinn).

Sveinn Vikingur: Ég er ekki búinn að jafna mig á þessu enn að fullu, að ég sé kominn á annan hnött. En þetta verður víst svo að vera. Þórarinn bróðir hefur heimsótt mig. En við erum víst ekki báðir á sama hnetti. Ég vaknaði upp úti í guðsgrænni náttúrunni þar sem óx gras. Ég skildi ekkert í þessu. Ég fór að taka á mér, og fann að líkami minn var betur á sig kominn, en hann hafði verið, og þótti mér það undarlegt. Ég var þarna allsnakinn og lá við að ég skammaðist mín, ef einhver skyldi koma þarna að mér. Ég mun hafa reynt fullmikið á mig svo að ég hef liðið út af aftur og sofnað. Og þegar ég vaknaði aftur, var búið að flytja mig á hressingarhæli, þar sem ég er enn. Ég hef legið í rúmi. Þó hef ég farið fram úr og gengið um í herberginu. Ég hef barið í borð, og ég finn að það er alveg eins hart viðkomu og borð á ykkar jörð. Þetta er svo ólíkt því, sem ég átti von á, en ég verð víst að setta mig við þetta.

Ingvar Agnarsson ritaði.

Ný bók

Ný bók

MÁLÞING ÍSLENDINGA

um fyrsta heimspekinginn og framhald lífsins.

Yfir 30 íslenzkir höfundar á tímabilinu 1919—1979, gera í kvæðum og ritgerðum grein fyrir afstöðu sinni til heimspekí Nýals og höfundar hennar.

Jarðfræðingar, stjórnámamenn, háskólakennarar, bændur, skáld, húsmæður, guðfræðingar og fleiri eiga efni í þessu safni, sem gefur glögga hugmynd um hve áhuginn á þessum málum hefur víða verið fyrir hendi.

Val efnisins er miðað við höfunda af hinum eldri kynslóðum, með það í huga að gefa út nýtt bindi með greinum yngri höfunda, ef vel tekst til um þetta.

Málþing Íslendinga lagar sig að venju safnríta og er tilvalin tækifærissgjöf, jafnframt því að vera góð kynning á málefni Nýals.

208 bls.. — Myndir. — Stutt kynning á höfundum.

Áskriftarverð: Pappírskilja: Kr. 5000

Kápuband : Kr. 6500

LÍFGEISLAÚTGÁFAN, Pósthólf 722, Rvík.

FÉLAG NÝALSSINNA, Pósthólf 1159, Rvík.

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA

Alfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

ERINDI OG GREINAR:

Stórsprenging í vetrarbraut. — Ragnarök (Sjá forsíðu- mynd) I. A.	Bls.	74
Frá jörð til jarðar Jarðarbygggi	—	75
Skynminningar úr bernsku P. J.	—	79
Ljós, neisti og lýsing á dauðastund P. J.	—	82
Draumasambönd við menn á öðrum stjörnum I. A.	—	85
Öndunaræfingar. Stjórn öndunar J. Pálss.	—	88
Úr Eyrbyggjasögu P. G.	—	90
Þriðjastígs uppgötvun H. St. Þýddi	—	91
Fjarsambönd og fyrirbæri P. G.	—	92

(Athugasemdir við erindi og umræður).

LJÓÐ:

Úr Sólarljóðum (Sólin annarra heima)	—	96
--	---	----

DRAUMAR:

Draumur um ferðalag á annarri jarðstjörnu P. S. V.	—	98
Ferðalag. — Draumur Gr. B.	—	99

SAMBANDSFUNDIR:

Hugskeyti milli tveggja tilverustiga E. Þ. Á.	—	102
Frásögn af miðilsfundi 8. febrúar 1975.		
Miðilsfundur 13. apríl 1970 (Brot)	—	105
Ásmundur Guðmundsson.		
Miðilsfundur 15. febrúar 1971 (Brot)	—	105
Pétur Rafnsson.		
Miðilsfundur 17. júní 1971 (Brot)	—	106
Sveinn Víkingur.		

Til lesenda	—	95
-------------------	---	----

MYR:

Kjarnyrði úr Grettissögu	—	78
Spakmæli úr ljóðum Steingríms Thorsteinssonar ...	—	87
Málþing Íslendinga (Auglýsing) P. G.	—	107